

Colas Ísland hf.
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

11. desember 2025
UOS2501333/K.K.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 1. desember 2025 – ID 2

Þann 1. desember 2025 fór fram reglubundið eftirlit í Colas Ísland hf. KVM við Gullhelli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Frávik frá kröfum í grein 3.7 í starfsleyfi varðandi það að olía og svifagnir í frárennsli mældust árið 2022 yfir losunarmörkum. Í eftirlitinu kom fram að þvottaplan stöðvarinnar er tengt olíuskiljunni þar sem notuð eru bæði hreinsiefni, tjöruhreynsir og háprýstidælur. Frávikinu er því ekki lokað.
2. Fráikið frá kröfum í grein 4.7 í starfsleyfi. Grænt bókhald vegna ársins 2022 hafði ekki borist. Græna bókhaldið hefur nú borist stofnuninni og frávikinu því lokað.

Ein eldri ábending var opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Ábendingin varðaði að rekstraraðili þurfti að endurtaka sýnatöku og mælingar á útblásturslofti og gera við göt á girðingu sem umlykur stöðina. Í eftirlitinu kom fram að búið er að lagfæra girðinguna. Varðandi sýnatökuna hafa skv. rekstraraðila verið gerðar fjórar tilraunir árið 2025 til sýnatöku án árangurs.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Í eftirlitinu kom fram að í olíuskiljuna er tengt frárennsli frá þvottaplani þar sem notuð eru hreinsiefni, tjöruhreynsir og háprýstidælur. Rekstraraðila var því bent á að skoða hvort olíuskiljan sé rétt hönnuð miðað við notkun.

Fimm frávik komu fram er varða:

1. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025.

2. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst ekki fyrir 1. maí 2024.
3. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Í starfsleyfi eru sett losunarmörk fyrir olíu og svifagnir í fráveitu. Samkvæmt niðurstöðum úr frárennslismælingum fyrir árið 2025 voru svifagnir yfir mörkum.
4. Gr. 41 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Á lóðinni eru tveir neyslugeymar án fullnægjandi árekstrarvarna.
5. Gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur lausageyma. Á lóðinni er úrgangsolíutankur án árekstrarvarna.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir

Sérfræðingur